

Þessu, þykir verða að kveða á um upphæð endurgjaldsins, er telst hæfilega ákveðin 50 krónur.

Hins vegar verður að telja, að stjórn Lögmannafélags Íslands bresti heimild til þess að fella úrskurð um málskostnað.

Því úrskurðast:

Þóknun varnaraðilja, hrl. Magnúsar Thorlacius, fyrir afskipti hans af máli þessu telst hæfilega ákveðin 50 krónur.

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 15/1947. Bergsteinn Kolbeinsson

gegn

Einari Árnasyni

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests í landamerkjamáli.

Dómur hæstaréttar.

Hinn kærði úrskurður er upp kveðinn af Friðjóni sýslumanni Skarphéðinssyni ásamt samdómsmönnum Jakobi Karlssyni og Elíasi Tómassyni.

Með kæru 23. júní þ. á., er hingað barst 8. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu 21. júní s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frest þar til seint í ágúst eða snemma í september þ. á. í máli varnaraðilja gegn honum.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úrgildi felldur og honum dæmdar 200 krónur í kærumálskostnað úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður, þar sem hans hefur ekki verið krafizt af hálfu varnaraðilja.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómpings Eyjafjarðarsýslu 21. júní 1947.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 20. þ. m., er höfðað samkvæmt landamerkjalogum nr. 41/1919 um ágreining milli málsaðilja, Einars Árnasonar, Eyrarlandi í Öngulstaðahreppi, og Bergsteins Kolbeinssonar, Leifsstöðum, sama hreppi, um landamerki milli téðra jarða.

Gerir eigandi Eyrarlands þá kröfu, að merki milli jarðanna verði viðurkennd bein lína frá svo kallaðri Ósgötu eða Þingmannavegi, þar sem hann liggur út í Eyrarlandsós á austurbakka óssins, upp í grjótvörðu á miðri Merkisklöpp, en eigandi Leifstaða krefst þess, að merkin verði viðurkennd bein lína í gegn um miðja Merkisklöpp og vörðustæði á mel utan við Leifsstádestekk og lína í framhaldi þeirrar línu, unz hún sker Eyrarlandsós. Hvor aðili um sig krefst málskostnaðar úr hendi hins.

Málið var þingfest 20. nóv. f. á. Fór þá fram sáttatilraun, útnefning meðdómenda og dómruðning. Var málinu síðan frestað til vors vegna snjóá á þrætusvæðinu. 30. maí s. l. var síðan þinghald í málinu, en þá var ákveðið að láta gera uppdrátt af þrætusvæðinu og dómkvaddur maður til þess, en málið síðan tekið fyrir af nýju þann 20. þ. m. Fór þá fram merkjaganga, uppdráttur var lagður fram og ýms gögn í málinu og vitni voru leidd.

Af hálfu eiganda Leifstaða var þess óskað, að málinu yrði síðan frestað þar til seint í ágúst eða snemma í september n. k. vegna gagna í málinu, sem hann kvaðst vænta að fá frá Benedikt Sveinssyni bókaverði, og vegna ýmissa gagna, sem mótmælt hefur verið af gagnaðilja hans, en nauðsynlegt sé að færa frekari sönnur á. Auk þess þurfi málflutningsumboðsmaður hans að vera fjarvistum á næstunni vegna sjúkleika.

Af hálfu eiganda Eyrarlands var því mótmælt, að frestur yrði veittur til gagnasöfnunar frekar en orðið er, enda sé öflun gagna úr gömlum skjölum þýðingarlaus, þar sem fyrir liggja þinglesin landamerkjaskrá frá 1890. Hann telur og, að þegar hafi verið nægur frestur til öflunar gagna í málinu, enda hafi verið rétt og skylt að leiða öll vitni í þinghaldinu þenna dag.

Lögðu aðiljar ágreiningsatriði þetta í úrskurð.

Í 10. gr. landamerkjaloganna, sbr. 221. gr. einkamálaganna, er svo kveðið á, að í öðru þinghaldi landamerkjamála skuli aðiljar leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt og skuli málflutningi lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn

bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það.

Telja verður, að þegar hafi verið nægur frestur til að afla gagna í málinu, þar sem málið var þingfest 20. nóv. f. á., eins og fyrr segir, og hafi því öll gögn málsins átt að geta komið fram í þinghaldinu í gær. Þykir því samkvæmt tilvitnaðri grein landamerkjagallanna ekki heimilt að veita umbeðinn frest í málinu.

Þvi úrskurðast:

Umbeðinn frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 16/1947. Jón Guðjónsson

gegn

Jóni Guðnasyni

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests í útburðarmáli.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 10. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð fégetadóms Reykjavíkur, kveðinn upp 2. júlí s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að ákvæði hins kærða úrskurðar um synjun frests verði fellt úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar synjun frests, en að fellt verði úr gildi ákvæði hans um vítur. Hann krefst og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir